



## Fly Play : Tekjur 15,3 milljarðar, rekstrarhagnaður tífaldast og hagnaður eftir skatta 724 milljónir

- Flugfélagið PLAY skilaði hagnaði upp á 5,2 milljónir bandaríkjadal, 724 milljónir króna, á þriðja ársfjórðungi 2023, samanborið við tap upp á 2,9 milljónir bandaríkjadal, 404 milljónir króna, á sama tímabili í fyrra.
- Heildartekjur á þriðja ársfjórðungi 2023 jukust um 84% samanborið við þriðja ársfjórðung 2022. Heildartekjurnar fóru úr 59,9 milljónum bandaríkjadal, 8,3 milljörðum íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi 2022 í 110,2 milljónir bandaríkjadal, 15,3 milljarða íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi 2023.
- Rekstrarhagnaður nær tífaldaðist á milli ára en hann fór úr 1,3 milljónum bandaríkjadal, 181 milljón króna, á þriðja ársfjórðungi 2022 í 12,9 milljónir bandaríkjadal, nær 1,8 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi 2023.
- Hliðartekjur héldu áfram að aukast í þriðja ársfjórðungi. Hliðartekjurnar hafa aukist um 150% á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 samanborið við sama tímabil í fyrra og hliðartekjur á hvern farþega hafa aukist um 35% á milli ára.
- PLAY sló eigið farþegamet á þriðja ársfjórðungi þegar það flaug 191.577 farþegum í júlí og sætanýting mældist 91,1%.
- PLAY var með áætlunarflug til 33 áfangastaða í þriðja ársfjórðungi og var stundvísí félagsins 85,1% og sætanýtingin 88,4% í fjórðungnum.
- Tekjur á hvern sætiskilómetra (RASK) jukust um 9% milli ára og voru 6,1 dollarasent á þriðja ársfjórðungi.
- Kostnaður á hvern sætiskilómetra án eldsneytiskostnaðar (CASK Ex-Fuel) var 3,4 dollarasent. Heildar CASK lækkaði um 2% á milli ára og var 5,3 dollarasent.
- Handbært fé undir lok þriðja fjórðungs nam 39,2 milljónum bandaríkjadolum, 5,4 milljörðum króna, þar á meðal bundið fé. Félagið hefur engar vaxtaberandi skuldir.
- Einingatekjur eru í áframhaldandi vexti á komandi mánuðum og staða bókana fyrir næstu mánuði er sterkt þrátt fyrir að framboð á sætiskilómetrum á fyrsta ársfjórðungi 2024 aukist um 79%.



## Birgir Jónsson, forstjóri:

Við erum mjög stolt af árangri okkar á þriðja ársfjórðungi og sérstaklega af því að PLAY skilaði um 720 milljóna króna hagnaði sem er í fyrsta sinn sem félagið skilar hagnaði eftir skatta. Rekstrarhagnaður tífaldaðist frá sama fjórðungi á síðasta ári, tekjur jukust um 84% og farþegahópurinn stækkaði um 74%. Þetta eru merkilegar staðreyndir og skýr vitnisburður um að viðskiptamódel PLAY er að virka vel og þess að félagið hefur á að skipa gríðarlega hæfu teymi fagfólks á öllum sviðum.

PLAY hefur vaxið gríðarlega mikið síðustu misseri enda höfum stækkað flugflota okkar mikið, bætt fjölmörgum áfangastöðum við leiðakerfið og ráðið og þjálfað mörg hundruð frábæra starfsmenn. Það er því sérstakt afrek að í þessum mikla vexti hefur okkur tekist að hækka einingatekjur okkar umtalsvert, skila hagnaði, ásamt því að byggja upp heilbrigða lausafjárstöðu.

Svona hraður vöxtur er þó mjög dýr og setur mikið álag á innviði fyrirtækisins, við ætlum því ekki að vaxa eins hratt á næsta ári heldur einbeita okkur að því að finnista starfsemina á öllum sviðum og hámarka þannig afkomuna af rekstrinum. Við vitum að það mun skila sér í sterkara og arðbærara fyrirtæki og mun undirbúa okkur fyrir næsta vaxtartíma bíl sem hefst árið 2025 þegar við tökum inn enn fleiri flugvélar, sem sumar hafa nú þegar verið pantar, og stækkuum og þéttum leiðarkerfið enn frekar. Við leggjum allt kapp á að halda kostnaðinum í lágmarki og hefur það tekist vel hingað til enda er það algjörlega nauðsynlegt til þess að ná árangri í flugrekstri. Þetta er viðvarandi verkefni sem þarf að stöðugt að vaka yfir, ekki síst á verðbólgtímum, og því er sérstök ástæða til að þakka mínu frábæra teymi fyrir þennan góðan árangur. Allt starfsfólk PLAY hefur staðið sig eins og hetjurnar sem þau eru á þessum fjórðungi og ég er sannfærður um að ekkert getur stoppað þau þegar þau halda áfram að spila til sigurs í framtíðinni.



#### Rekstartengdir mælikvarðar

		3F 2023	3F 2022	Breyting
Fjöldi fluga	fjöldi	3,222	1,994	1,228
Fjöldi áfangastaða í rekstri	fjöldi	33	22	11
Fjöldi flugvélá í rekstri	fjöldi	10	6	4
Stundvísí	%	85%	85%	0.1 ppt
Fjöldi farþega	þús.	540	311	74%
Sætiskilómetrar (ASK)	millj.	1,821	1,067	71%
Tekjur á farþegakilómetra (RPK)	millj.	1,611	913	76%
Meðallengd flugleggja (km)	fjöldi	2,941	2,918	1%
Sætanýting	%	88%	85%	3 ppt
Fjöldi sæta í boði	þús.	619	367	69%

#### Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur	millj. USD	110.2	59.9	50.3
Rekstrargjöld	millj. USD	82.1	49.3	32.8
EBIT	millj. USD	12.9	1.3	11.5
EBIT hlutfall	%	12%	2%	10 ppt
Afkoma	millj. USD	5.2	-2.9	8.1

#### Efnahagsreikningur

Heildareignir	millj. USD	493.8	327.6	166.3
Heildarskuldir	millj. USD	468.4	287.9	180.4
Eigið fé	millj. USD	25.5	39.6	-14.2
Eiginfjárlutfall	%	5.2%	12.1%	-
Fé (handbært og bundið)	millj. USD	39.2	29.6	9.62

#### Hlutabréf

HLutabréfaverð í lok tímabils	per bréf	8.8	16.3	-
Tap á hlut	US sent	0.80	-0.50	-

#### Lykilmælikvarðar

Flugtekjur per farþega	USD	144	150	-4%
Hliðartekjur per farþega	USD	58	43	34%
Heildartekjur per farþega	USD	201	193	4%
TRASK	US sent	6.1	5.6	9%
CASK (með eldsneytis- og kolefniskostnaði)	US sent	5.3	5.5	-2%
CASK (án eldsneytis- og kolefniskostnaðar)	US sent	3.4	3.1	11%
CO <sub>2</sub> per RPK (grömm CO <sub>2</sub> per RPK)	fjöldi	57	62	-9%
CO <sub>2</sub> útblástur í tonnum frá flugvélaolíu	fjöldi	91,578	56,960	61%



## Auknar tekjur og hærri sætanýting þrátt fyrir mikla framboðsaukningu

Flugfélagið PLAY var með áætlunarferðir til 33 áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku á þriðja ársfjórðungi 2023. Framboð á sætiskílómetrum jókst um 71% á milli ára. Sætanýting jókst um 3,4 prósentustig, úr 85% á þriðja ársfjórðungi 2022 í 88,4% á þriðja ársfjórðungi 2023. PLAY flutti 540 þúsund farþega á þriðja ársfjórðungi, sem er 74% meira en á þriðja ársfjórðungi 2022, þegar PLAY flutti 311 þúsund farþega.

Þrátt fyrir 70% aukningu í sætisframboði jukust tekjur um 84% og einingatekjur fyrir hvern sætiskílómetra (RASK) um 9% milli ára. Þessi bæting í sætanýtingu og einingatekjum er til marks um þá góðu stöðu sem PLAY hefur náð á lykilmörkuðum félagsins.

24% allra farþega PLAY voru á leið frá Íslandi, 33% á leið til Íslands og 43% voru tengifarþegar (VIA) á þriðja ársfjórðungi. Tengifarþegum fjölgaði um fjögur prósentustig milli ára. Sætanýting á leiðum til og frá Norður-Ameríku var 92% á fjórðungnum. Farþegum fjölgaði um 74% á milli ára en af þeirri fjölgun var 88% aukning í farþegum til og frá Norður-Ameríku og 66% aukning í farþegum til og frá Evrópu.

Þessi fjölgun tengifarþega, bæði þegar kemur að fjölda farþega og hlutfalli af heildarfjölda farþega, í samanburði við þriðja ársfjórðung 2022, skýrist af fjölgun tenginga innan leiðakerfisins, aukinni vitund um PLAY á erlendum mörkuðum og mikilli eftirspurn í Bandaríkjunum. Allir þessir þættir, ásamt því að hefja sölu á fargjaldapökkum í febrúar, hefur leitt til aukningar á tekjum frá tengifarþegum í samanburði við þriðja ársfjórðung í fyrra.

Flugrekstur gekk sem fyrr vel en stundvísí mældist 85,1% sem er mun betri frammistaða en hjá helstu keppinautum flugfélagsins. Er það merki um vel unnin verk þeirra sem starfa hjá PLAY og þjónustuaðilum félagsins.



## Fjárhagsniðurstaða þriðja ársfjórðungs 2023

Eftir mikla uppbyggingu á síðastliðnum ársfjórðungum, þar sem fjórum nýjum farþegabotum var bætt við flota PLAY og 13 nýjum áfangastöðum, er niðurstaðan sú að þriðji ársfjórðungur 2023 er besti ársfjórðungur flugfélagsins frá stofnun þess.

Hagnaðurinn nam 5,2 milljónum bandaríkjadalara, 724 milljónum króna, sem er viðsnúningur upp á 8,1 milljón bandaríkjadalara, 1,1 milljarð króna, frá þriðja ársfjórðungi 2022 þegar félagið skilaði tapi upp á 2,9 milljónir bandaríkjadalara, 404 milljónir króna.

Tekjur á þriðja ársfjórðungnum voru 110,2 milljónir bandaríkjadalara, 15,3 milljarðar króna, samanborið við tekjur upp á 59,9 milljónir bandaríkjadalari, 8,3 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

Heildartekjur PLAY á hvern sætiskilómetra (TRASK) jukust um 9% á milli annars ársfjórðungs og þriðja ársfjórðungs og standa í 6,1 bandaríkjasenti. Rekstrarhagnaður á þriðja ársfjórðungi var 12,9 milljónir bandaríkjadalara, nær 1,8 milljarðar króna, samanborið við rekstrarhagnað upp á 1,3 milljónir bandaríkjadalara, 181 milljón króna, á þriðja ársfjórðungi 2022.

PLAY hefur lagt ríka áherslu á að auka hliðartekjur með auknu vöruframboði á borð við pakkafargjöld sem var fyrst boðið upp á í febrúar ásamt öðrum hliðartekjuvörum. Meðalhliðartekjur á hvern farþega í þriðja ársfjórðungi voru 58 bandaríkjadalir og jukust um 35% samanborið við þriðja ársfjórðung 2022 þegar þær voru 43 bandaríkjadalir. Heildarhliðartekjur á fyrstu níu mánuðum þessa árs eru 150% hærri en á sama tímabili í fyrra.

Rekstrargjöld, að meðtöldum afskriftum, voru 82,1 milljón bandaríkjadalara á þriðja ársfjórðungi. Einingakostnaður var 5,3 bandaríkjasent sem er lækkun upp á 2% samanborið við fyrra ár. Einingakostnaður utan eldsneytiskostnaðar var 3,4 bandaríkjasent sem er 11% aukning á milli ára sem rekja má til verðbólgu og einskiptis kostnaðar vegna viðhalds. PLAY býst við að einingakostnaður utan eldsneytiskostnaðar verði um 3,7 bandaríkjasent yfir allt árið 2023.

Fjármunatekjur og útgjöld voru neikvæð í fjórðungnum um 6 milljónir bandaríkjadalara, en þar af voru 4,6 milljónir bandaríkjadalara vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga.

Heildareignir PLAY námu 493,8 milljónum bandaríkjadalara við lok fjórðungsins, samanborið við 331,5 milljónir bandaríkjadalara við lok árs 2022. Félagið var með tíu farþegabotur í rekstri á þriðja ársfjórðungnum. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur námu 27,9 milljónum bandaríkjadalara og eru að mestu leyti kröfur á færsluhirði félagsins vegna sölu flugmiða. Fyrirfram greiddar tekjur minnkuðu á tímabilinu og voru 40,7 milljónir bandaríkjadalara við lok september, samanborið við 82,4 milljónir bandaríkjadalara við lok júní, en þetta er viðbúið vegna árstíðasveifla. Við lok fjórðungsins, nam handbært fé 39,2 milljónum bandaríkjadalara, þar á meðal bundið fé. Eigið fé var 25,5 milljónir bandaríkjadalara. Félagið hefur engar vaxtaberandi skuldir.



## Besta áhöfnin og nýjar hliðartekjuvörur

Áhöfn flugfélagsins PLAY er sú besta að mati lesenda bandaríksa fjölmáðilsins USA Today. Þetta er niðurstaða kosningar sem fór fram á vegum USA Today 10 Best þar sem PLAY var tilnefnt ásamt þekktustu flugfélögum heimsins. Sérfræðingar á vegum USA Today 10 Best tilnefndu áhafnir sem síðan voru lagðar fyrir dóm lesenda sem fengu fjórar vikur til að segja sína skoðun með því að greiða atkvæði með þeiri áhöfn sem þeim þótti bera af. Þar varð áhöfn PLAY hlutskörpust en önnur flugfélög sem voru tilnefnd ásamt PLAY voru Virgin Atlantic, Fiji Airways, Southwest Airlines, Delta Airlines, Korean Air, British Airways, Emirates, Singapore Airlines og Cathay Pacific.

PLAY hefur undanfarið prófað stafræna sjálfsafgreiðslu um borð í farþegabotum sínum þar sem farþegar geta pantað vöru í gegnum eigin tæki. Prófanir hafa þegar leitt í ljós aukna sölu um borð og með þessari stafrænu sjálfsafgreiðslu er hægt að bjóða upp á sveigjanleg verð og vöruúrvval. Farþegar geta einnig fylgst með framvindu ferðar sinnar í eigin tæki og þá verður jafnframt hægt að spila tölvuleiki og horfa á barnaefni, farþegum að kostnaðarlausu.

PLAY hefur einnig hafið sölu á flugsætum með auknu plássi og þægindum. Varan er nefnd „Space-sæti“ þar sem farþegum býðst að kaupa sér sæti með auknu fótarámi við glugga eða gang þar sem þægilegu hliðarborði hefur verið komið fyrir í miðjusætinu. Þessi vara mun draga framboð á sætum í Airbus A321neo úr 214 sætum í 200 sæti. Það býðir að PLAY mun draga úr kostnaði því þá þarf færri áhafnar meðlimi til að þjónusta farþega. Þetta mun að sama skapi auka hliðartekjur og verður einfalt að auka framboðið á ný þegar eftirspurnin eykst á ný eftir veturninn.

## Horfur

Horfur PLAY eru óbreyttar frá sumarlokakynningu félagsins undir lok septembermánaðar. Þar kom fram að búist er við að PLAY flytji 1,5 milljónir farþega árið 2023 og að 10 milljóna bandaríkjadalara tap verði á rekstri. Áætlað er að tekjur félagsins verði 280 milljónir bandaríkjadalara árið 2023.

## Frekari upplýsingar:

Streymi frá fjárfestakynningu, 26. október 2023

PLAY mun kynna uppgjör sitt í vefstreymi klukkan 16:15 þann 26. október 2023. Birgir Jónsson, forstjóri, og Ólafur Þór Jóhannesson, fjármálastjóri, kynna uppgjörið. Kynningunni verður streymt hér: <https://www.flyplay.com/financial-reports-and-presentations>.

## Fjárhagsdagatal

- Fjórði ársfjórðungur og ársreikningur 2023 - 8. febrúar 2024